

## Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 1,1 milljarði króna í júlí en þar af var um 1 milljarður króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í júlí 2011 um 2,2 milljörðum króna. Meðalupphæð almennra útlána var um 10,9 milljónir króna í júlí.

Vísitala neysluverðs í júlí 2012 lækkaði um 0,72% frá fyrra mánuði (lækkaði um 1,0% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,6% og vísitalan án húsnæðis um 4,7%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs lækkað um 0,3% sem jafngildir 1,0% verðhjöðnun á ári (1,9% verðhjöðnun á ári fyrir vísitöluna án húsnæðis).


Alls hefur Íbúðalánasjóður veitt 716 almenn íbúðalán frá áramótum í samanburði við 1.339 lán á sama tímabili í fyrra.

Ávöxtunarkrafa flokka íbúðabréfa HFF24, HFF34 og HFF44 lækkaði í júlí og nam lækkinun 3 – 18 punktum. Ávöxtunarkrafa flokks HFF14 hækkaði um 26 punkta frá fyrra mánuði.

Heildarvelta íbúðabréfa nam 20,7 milljörðum króna í júlí samanborið við 51,2 milljarða í júní 2012.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs vegna húsbrefta og annarra skuldbindinga námu tæpum 400 milljónum króna í júlí. Uppgreiðslur námu um 1,5 milljörðum króna.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Mái 2012	Júní 2012	Júlí 2012	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	0,59%	0,86%	1,12%	1,1	70,7	20,2
HFF24	1,84%	2,14%	1,96%	5,6	164,2	112,6
HFF34	2,46%	2,50%	2,38%	10,0	176,3	146,5
HFF44	2,77%	2,75%	2,71%	13,9	274,5	248,7

\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok máí '12. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánaþingreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Eigendur íbúðabréfa (í lok mánaðar)

Eigendur íbúðabréfa (í lok mánaðar)	Sept. 2011	Júlí 2012
Lífeyrissjóðir	62,2%	61,8%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	11,5%	14,4%
Erlendir aðilar	8,0%	6,5%
Lánafyrirtæki	4,5%	5,3%
Önnur fyrirtæki	3,5%	3,8%
Einstaklingar	3,5%	3,0%
Bankar og sparissjóðir	3,7%	2,2%
Aðrir	3,3%	3,1%


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa



## Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

### Niðurstaða 2012

Í milljörðum króna	Áætlun 3Q	Raun 3Q	Endursk. áætlun 2012	Raun jan-júl 2012
Útgáfa íbúðabréfa*	4 - 6	0,0	10 - 14	3,3
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	1,1	13 - 17	8,8
Greiðslur ÍLS	17 - 19	9,4	37 - 41	41,5

\*Útgáfa á nafnvirði

### Endurskoðuð áætlun 2012

Í milljörðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Mv)	6 - 8	9 - 11	15 - 19
Útgáfa íbúðabréfa (Nv)	4 - 6	6 - 8	10 - 14
Ný útlán ÍLS	7 - 9	6 - 8	13 - 17
Greiðslur ÍLS	17 - 19	20 - 22	37 - 41